

## Fundargerð 16. fundar ferðamálaráðs

18. apríl 2008 - kl. 8:30-10:00 í iðnaðarráðuneyti

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir (SK) formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH) varaformaður, Anna G. Sverrisdóttir (AGS), Dagur B. Eggertsson (DBE), Gunnar Sigurðsson (GS), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Jón Ásbergsson (JÁ), Sævar Skaptason (SS) og Helga Haraldsdóttir (HH) sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Kynning á tillögum sérsveitar forsætisráðherra í ímyndarmálum.
3. Kynning á starfi nefndar iðnaðarráðherra um opinbera fjármögnun og skipulag ferðapjónustu.
4. Reykjanesbraut – upplýsingagjöf og merkingar.
5. Uppbygging ferðamannastaða.
6. Önnur mál.

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 2. Kynning á tillögum sérsveitar forsætisráðherra í ímyndarmálum

Í sérsveitinni voru Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, Jón Karl Ólafsson, þáverandi forstjóri Icelandair, Martin Eyjólfsson, sviðsstjóri viðskiptasviðs í utanríkisráðuneytinu, Svanhildur Konráðsdóttir, formaður ferðamálaráðs og sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og Sverrir Björnsson, framkvæmdastjóri hönnunarsviðs Hvíta hússins.

SK sagði frá störfum nefndarinnar og aðferðarfræði. M.a. voru starfandi rýnihópar í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði. Leiðarstefin í niðurstöðu hópsins voru *kraftur, frelsi og friður*. Nefndin lagði til einföldun á skipulagi landkynningarmála, að fjármagn yrði aukið og að stofnaður yrði sérstakur vettvangur *Promote Iceland*. Næsta skref er að setja á laggirnar útfærsluteymi fjögurra ráðuneyta; forsætis-, iðnaðar-, menntamála- og utanríkisráðuneytis.

Fulltrúar SAF fögnuðu mjög niðurstöðum sérsveitarinnar og spurðu hvað greinin gæti gert til að ýta verkefninu úr vör. Aðrir sem tjáðu sig um niðurstöðurnar lýstu ánægju sinni. Ferðamálaráð samþykkti að beina eftirfarandi tilmælum til iðnaðarráðherra:

*Ferðamálaráð fagnar tillögum ímyndarnefndar forsætisráðherra sem kynntar voru með útgáfu skýrslu þann 7. apríl síðastliðinn. Ferðamálaráð tekur heilshugar undir þær og ítrekar sérstaklega mikilvægi þess að fjárfest verði í heildstæðri og markvissri*

*ímyndaruppbyggingu fyrir Ísland og hvetur til þess að útfærslu tillagnanna verði hraðað.*

*Ráðið beinir jafnframt þeim tilmælum til ráðherra ferðamála að hann beiti sér fyrir því að tekið verði ríkt tillit til hagsmuna og sjónarmiða íslenskrar ferðaþjónustu, sem eins af máttarstólpum jákvæðrar ímyndar fyrir Ísland, við nánari úrvinnslu tillagnanna – ekki síst er kemur að því að móta framtíðarfyrirkomulag kynningarstarfs á erlendum mörkuðum.*

### **3. Kynning á starfi nefndar iðnaðarráðherra um opinbera fjármögnun og skipulag ferðaþjónustu.**

SK gerði grein fyrir starfi nefndarinnar og áherslum á gegnsæi, langtímahugsun, markaðsstarf, svæðisbundið samstarf og nýsköpun.

Óskað verður eftir álitum ferðamálaráðs á tillögunum þegar þær liggja fyrir.

### **4. Reykjanesbraut.**

Ráðsmenn voru sammála um að ástandið væri algjörlega óviðunandi. Fulltrúar samgönguráðuneytis og Vegagerðar verði fengnir á næsta fund ferðamálaráðs. Samþykkt var að beina eftirfarandi til iðnaðarráðherra:

*Ferðamálaráð beinir þeim tilmælum til ráðherra ferðamála að hann beiti sér fyrir því að lögð verði aukin áhersla á að bæta umferðaröryggi ferðamanna á vegum landsins. Greinargóðar merkingar eru auk þess mikilvægur og sjálfsagður þáttur í því að veita vegfarendum eðlilega þjónustu. Verði því beint til samgönguráðuneytisins að nú við upphaf ferðamannatímans verði gert sérstakt átak í að bæta og fjölga merkingum og að skilyrðislaust verði tryggt að merkingar vegna vegaf framkvæmda séu alþjóðlegar.*

### **5. Uppbygging ferðamannastaða.**

Magnús Oddsson (MO), fyrrverandi ferðamálastjóri kom á fundinn og fór yfir sögu ferðamannastaða, fjárveitingar hins opinbera og ábyrgð ferðaþjónustunnar í náttúruvernd. Einnig lýsti hann vandkvæðum varðandi skilgreiningar, eignarhald og ákvarðanir í skipulagsmálum. Sagðist telja áhuga heimamanna lykilatriði er kæmi að fjármögnun og uppbyggingu einstakra svæða.

### **6. Önnur mál**

Ákveðið að halda næsta fund föstudaginn 9. maí n.k. kl. 8:30 á sama stað. Fundi slitið kl. 10:00.